

Efni: Okkar Kópavogur, niðurstöður rafrænna kosninga 2025

Ágæta bæjarráð.

Rafrænar kosningar í fimmtu umferð verkefnisins Okkar Kópavogur hófust þann 23. janúar sl. og lauk um hádegi þriðjudaginn 4. febrúar 2025. Á kjörskrá voru 34.982 íbúar og alls skiluðu 3540 íbúar inn atkvæðum, eða 10,1%. Þetta er heldur slakari árangur en áður hefur verið í þessu verkefni, en þó í takt við það sem er að gerast í nálægum sveitarfélögum sem ráðist hafa í svipuð verkefni.

Í hugmyndasöfnuninni síðastliðið haust bárust 315 hugmyndir. Af þeim reyndust eingöngu 67 hugmyndir standast allar kröfur verkefnisins og fóru þær allar í kosningu, þ.e. 30 í efri byggðum (Vatnsendi og Fífuhammur) og 37 í neðri byggðum (Kársnes, Digranes og Smárahverfi).

Áfram var íbúum sem verða 14 ára á árinu og eldri boðið að taka þátt í kosningunum. Síðast var þeim breytingum (þ.e. kosningaaldur lækkaður úr 16 ára) tekið vel af íbúum, en þar sem tiltölulega fá ungmenni á aldrinum 14-16 ára hafa rafræn skilríki tóku fáir einstaklingar þátt í kosningunum. Eftir er að greina kosningagögnin til að sjá hvort breyting sé á í þetta sinn, og verða þær niðurstöður tilteknar í lokaskýrslu verkefnisins.

Þátttöku í kosningum fyrri ára má sjá í samanburði við árið í ár í þessari töflu. Athugið að fyrstu þrjú skiptin var þýðið minna og því hærri hlutfallsleg þátttaka, þar sem lágmarksaldur kjósenda var lækkaður um tvö ár árið 2022:

Tölfræði yfir kosningaþátttöku í Okkar Kópavogi 2016-2025			
Kosningaár	Á kjörskrá	Fjöldi atkvæða	Hlutfall
2016	25.211	3076	12,2%
2018	28.466	5031	17,7%
2020	30.130	4700	15,6%
2022	32.506	4759	14,6%
2025	34.982	3540	10,1%

Til samanburðar má nefna að í Reykjavík var kosningaþátttaka árið 2021 16,4% en árið 2023 12,2%.

Niðurstöðu kosninganna, lista yfir þau verkefni sem fara í framkvæmd, má sjá í meðfylgjandi töflu. Allar niðurstöður kosninganna eru jafnframt lagðar fram í viðhengi.

Kosin verkefni í neðri byggðum	Lýsing	Atkvæði	m.kr.
Sauna í Sundlaug Kópavogs	Útbúa sauna aðstöðu við sundlaug Kópavogs.**	655	40
Vélfryst skautasvell í Kópavogsdal	Útbúa vélfryst skautasvell í Kópavogsdal.*	567	40
Aðstaða til sjósunds á Kársnesi	Setja upp lágmarks aðstöðu til sjósunds á Kársnesi, fyrir neðan Landsrétt.*	518	9
Kópavogsdalur - jóla-/skammdegislýsing	Setja upp jóla-/skammdegislýsingu í Kópavogsdalinn.*	497	9
Bætt lýsing við gangbrautir	Bæta lýsingu við gangbrautir skólabarna og við Menntaskólann í Kópavogi.**	462	23
Leiksvæði við Menningarhúsin - endurnýjun og stækkun	Setja leiktæki fyrir eldri og yngri börn á túnið við Menningarhúsin, svo fjölskyldur með börn á ýmsum aldri geti leikið sér þar saman.**	446	40
Útivistarsvæði - ávaxtatré og berjarunnar	Planta ávaxtatré og berjarunnar víðsvegar um Kópavog, svo bæjarbúar geti notið.**	445	9
Sundlaug Kópavogs - yfirbyggður stigi við rennibraut	Byggja yfir stigann að vatnsrennibrautinni í Sundlaug Kópavogs svo þau sem fara upp stigann séu í skjóli fyrir veðri og vindum.*	401	23
Minningarbekkir um Bryndísi Klöru	Bleikir bekkir til minningar um Bryndísi Klöru Birgisdóttur, Bryndísarbekkir, verði settir upp víðsvegar um neðri byggðir.*	364	9
Samtals			202

Kosin verkefni í efri byggðum	Lýsing	Atkvæði	m.kr.
Infrarauð sauna í Salalaug	Setja infrarauða saunu í Salalaug.**	812	40
Salalaug - yfirbyggður stigi við rennibraut	Byggja yfir stigann að vatnsrennibrautinni í Salalaug svo þau sem fara upp stigann séu í skjóli fyrir veðri og vindum.*	568	23
Minningarbekkir um Bryndísi Klöru	Bleikir bekkir til minningar um Bryndísi Klöru Birgisdóttur, Bryndísarbekkir, verði settir upp víðsvegar um efri byggðir.*	548	9
Sauna í Salalaug	Útbúa sauna aðstöðu við Salalaug.**	496	40
Arnarnesvegur við Rjúpnasali - planta trjágróðri í mön	Planta sígrænum trjám meðfram Arnarnesvegi. Gróðurinn myndi draga í sig koltvísýring og gera svæðið falletgra.*	410	9
Kórinn - göngustígur að þingum	Leggja göngustíga frá Kórnum að Spóatorgi.**	366	9
Samtals			130

Stjórnumerkingar: * = Nýtt verkefni í Kópavogi. ** = Íbúar forgangsöððu verkefni.
 Heildarupphæð: 340 m skipt eftir höfðatölu í hvorum bæjarhluta fyrir sig: 207,4 m til neðri byggða, 132,6 m til efri byggða. Eftir standa 8 m, sem renna aftur í bæjarsjóð, skv. reglum verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Sigrún María Kristinsdóttir
 verkefnastjóri íbúatengsla